

Línuhönnun
Árni Bragason
Suðurlandsbraut 4a
108 Reykjavík

2008030041
9310; 1000; 1604;
8716; 8717

Reykjavík, 31. júlí 2008
/--

Efni: Tillaga að matsáætlun fyrir tvöföldun Suðurlandsvegur frá Hólmsá ofan Reykjavíkur að Hveragerði. Ákvörðun um matsáætlun.

Í samræmi við 8. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. um mat á umhverfisáhrifum er hér kynnt niðurstaða Skipulagsstofnunar um tillögu Vegagerðarinnar að matsáætlun um tvöföldun Suðurlandsvegur frá Hólmsá ofan Reykjavíkur að Hveragerði.

Skipulagsstofnun barst tillaga að matsáætlun með bréfi Línuhönnunar verkfræðistofu, f.h. Vegagerðarinnar, dags. 13. maí 2008:

Suðurlandsvegur - tvöföldun frá Hólmsá ofan Reykjavíkur að Hveragerði. Línuhönnun verkfræðistofa. Maí 2008.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar um tillögu framkvæmdaraðila hjá eftirtöldum aðilum í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum: Hveragerðisbæ, Mosfellsbæ, Kópavogsbæ, Seltjarnarnesbæ, Sveitarfélaginu Ölfusi, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar - og Kópavogssvæðis, Heilbrigðiseftirliti Kjósarsvæðis, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, veiðimálastjórnar Matvælastofnunar og Umhverfisstofnunar.

Skipulagsstofnun kynnti tillöguna einnig með fréttatilkynningu og á heimasíðu stofnunarinnar.

Skipulagsstofnun bárust umsagnir og athugasemdir frá eftirtöldum aðilum: Hveragerðisbæ með bréfi dags. 20. júní 2008, Mosfellsbæ með bréfi dags. 23. júlí 2008, Kópavogsbæ með bréfi dags. 22. júlí 2008, Seltjarnarnesbæ með tölvubrési þann. 2. júní 2008, Sveitarfélaginu Ölfusi með bréfi dags. 5. júní 2008, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 2. júní 2008, Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar - og Kópavogssvæðis með bréfi dags. 29. maí 2008, Heilbrigðiseftirliti Kjósarsvæðis með bréfi dags. 9. júní 2008, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands með bréfi dags. 3. júlí 2008, veiðimálastjórn Matvælastofnunar með bréfi dags. 19. maí 2008 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 13. júní 2008. Skipulagsstofnun bárust einnig frekari upplýsingar frá framkvæmdaraðila í kjölfar umsagna með bréfum dags. 2., 3. og 10. júní og 7. og 28. júlí 2008.

Athugasemdir bárust frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkurborgar með bréfi dags. 29. maí 2008 og frá Gunnari Haraldssyni fyrir hönd eigenda Gunnarshólma með tölvupósti, dags. 29. maí 2008.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu Vegagerðarinnar að matsáætlun ásamt þeim umsögnum og athugasemdum sem borist hafa stofnuninni. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með þeim viðbótum sem koma fram í bréfum Línuhönnunar f.h. Vegagerðarinnar dags. 2., 3. og 10. júní og 7. og 28. júlí 2008 og með eftirfarandi athugasemdum.

Framkvæmdasvæði og kostir

Í kafla 2 í tillögu að matsáætlun er fjallað um framkvæmdina.

Skipulagsstofnun bendir á að í frummatsskýrslu þarf að fjalla um hvers vegna ekki er gerð grein fyrir tvöföldun Suðurlandsvegur allt frá Rauðavatni í Reykjavík að Hveragerði í einni matsskýrslu og metin heildaráhrif framkvæmdarinnar.

Í ljósi þeirrar opinberu umræðu sem verið hefur um framkvæmdina og vegna ólíkra umhverfisáhrifa, þarf í frummatsskýrslu að bera saman áhrif vegar sem er 2 + 2 akreinar og vegar sem er 2 + 1 akrein m. a. með tilliti til afkastagetu, öryggis og lands sem fer undir framkvæmdina.

Í frummatsskýrslu þarf að fjalla um mismunandi kosti í staðsetningu mislægra gatnamóta, er fram kemur í tillögunni og umsögnum að hafa verið í umræðu á milli Vegagerðarinnar og sveitarfélaga, gera grein fyrir samanburði þeirra og niðurstöðum samráðs við sveitarstjórnir um hvaða kostur verði valinn. Sama gildir um undirgöng við Hveragerði. Einnig þarf að skoða mögulegar lausnir í samræmi við athugasemdir landeigenda Gunnarshólma. Vegna fyrirspurnar hvers vegna hringtorg eru ekki ásættanleg lausn verði gerð grein fyrir því.

Í frummatsskýrslu þarf að fjalla um kosti er varða staðsetningu Litlu kaffistofunar m.a. í ljósi ábendinga um að innan vatnsverndarsvæðis fær bensínstöð ekki starfsleyfi.

Í frummatsskýrslu þarf að sýna sérstaklega hæðarlegu vegarins þar sem ætlunin er að „lyfta honum upp“ svo vegtengingar þurfi ekki að fara niður í grunnvatn. Gera þarf grein fyrir hæðarlegu vegarins og áhrifum hennar á hljóðvist og útlit mannvirkja. Gera verður grein fyrir mögulegum hjáleiðum ef Suðurlandsvegur lokast vegna slysa. Gera verður grein fyrir leiðum fyrir gangandi, ríðandi og hjólandi í ljósi þess að ekki er gert ráð fyrir þeirri umferðá tvöföldum Suðurlandsvegi.

Skipulag og leyfi

Í kafla 3.4 í tillögu að matsáætlun er fjallað um skipulag og leyfi. Í umfjöllun um skipulagsmál í frummatsskýrslu verði þess gætt að framsetning og umfjöllun verði með samræmdum hætti gagnvart öllum sveitarfélögum. Í frummatsskýrslu þarf að fjalla um svæðisskipulag um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu og samþykkt um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma Mosfellsbæjar, Reykjavíkur, Seltjarnarneskaupstaðar, Kópavogs, Garðabæjar, Álftaness (áður Bessastaðahrepps) og Hafnarfjarðar og gera grein fyrir samræmi framkvæmdarinnar við framangreint.

Umfang og áherslur mats á umhverfisáhrifum

Í kafla 4.1.4 í tillögu að matsáætlun er fjallað um efnistöku og frágang. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir námum, er hafa tilskilin framkvæmda- og starfsleyfi, sem líklegt er að efni til framkvæmdarinnar komi úr.

Í kafla 4.2.3 í tillögu að matsáætlun er fjallað um jarðfræði og jarðmyndanir. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir verklagi og vinnuferlum við framkvæmdina er miða að því að draga úr neikvæðum áhrifum á jarðmyndanir, svo sem hraun og gera grein fyrir frágangi eldri ummerkja, bæði hliðarýtinga og náma þar sem það er talið æskilegt m.a. með tilliti til gróðurs á þessum svæðum. Sýna þarf á korti eða loftmyndagrunni afmörkun friðlýstra jarðmyndana og gera grein fyrir hugsanlegum áhrifum framkvæmdarinnar innan þeirra.

Í kafla 4.2.4 í tillögu að matsáætlun er fjallað um gróður. Í frummatsskýrslu þarf að vera kort af gróðurhverfum í mælikvarðanum 1:5000 til 1:15.000, eftir því hversu stór svæði er verið að kortleggja og jafnframt yfirlitskort af gróðurlendum. Fundarstaði sjaldgæfra tegunda eða tegunda á valista Náttúrufræðistofnunar Íslands þarf að afmarka á korti.

Í kafla 4.2.6 í tillögu að matsáætlun er fjallað um fornleifar. Í frummatsskýrslu þarf að sýna nákvæma staðsetningu fornleifa á korti eða loftmynd, ásamt fyrirhuguðu áhrifasvæði framkvæmdarinnar og fjalla um hugsanleg áhrif framkvæmdarinnar á einstakar fornleifar.

Í kafla 4.2.7 í tillögu að matsáætlun er fjallað um vatnsvernd. Í frummatsskýrslu þarf að sýna á kortum eða loftmyndagrunni mörk vatnsverndarsvæða sem framkvæmdin fer inn á. Gera þarf grein fyrir samráði við heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga og stjórn vatnsverndar höfuðborgarsvæðisins varðandi legu vegarins. Gerð verði grein fyrir niðurstöðum fyrirhugaðrar skoðunar framkvæmdaraðila á mengunarhættu og möguleikum á að verjast mengun vegna umferðaróhappa, einkum á vatnsverndarsvæðum.

Í kafla 4.2.8 í tillögu að matsáætlun er fjallað um vötn og vatnalíf. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir vatnafari, einkum flóðum, í árfarvegum Lyklafellsár og Fossvallaár og hvernig framkvæmdum verður hagað með tilliti til áhrif á vatnafar.

Í kafla 4.2.9 í tillögu að matsáætlun er fjallað um hljóðvist. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir hljóðvist á svæðinu fyrir og eftir framkvæmd og mögulegum hljóðvörnum og mismunandi kostum í gerð þeirra, ef þörf verður á þeim. Á þetta einkum við á móts við þéttbýlið í Hveragerði og á Lækjarbotnasvæðinu þar sem byggð og umferð fólks er mest. Einnig þarf að gera á myndrænan hátt grein fyrir sjónrænum áhrifum mismunandi kosta hugsanlegra hljóðvarna.

Í kafla 4.2.13 í tillögu að matsáætlun er fjallað um umhverfisáhrif á framkvæmdatíma. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir umhverfisáhrifum á framkvæmdatíma svo sem rykmengun og þeim skilyrðum sem heilbrigðiseftirlit setur vegna framkvæmda almennt og framkvæmda innan vatnsverndarsvæða svo sem sérkröfum er gerðar verða til verktaka.

Þóroddur F Þóroddsson

Fylgiskjöl: Afrit umsagna og athugasemda.

Afrit: Hveragerðisbær, Mosfellsbær, Kópavogsbær, Seltjarnarnesbær, Sveitarfélagið Ölfus, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar - og Kópavogssvæðis, Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis, Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, Fiskistofa-veiðimálastjórn og Umhverfisstofnun. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur og Gunnar Haraldsson.